

# 10. enska 2022 - 2023

---

Kennarar: Íris Olga Lúðvíksdóttir

10

## Lýsing

Ýmsar leiðir að enskunámi:

- \* Áhersla á talað mál;
- \* Þjálfun í hlustun, lestri, tali, orðaforða, ritun, málfræði, o.fl.
- \* Notast verður ýmist námsefni s.s. ýmsar greinar á vefmiðlum, stuttmyndir, skáldsögur, smásögur, hlaðvörp o.fl.
- \* Yndislestur í enskum frjálislestrarbókum.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Að meðaltali er töluð enska í 60% tímans.

Nemendur vinna mikið í hópum, m.a. með orðaforða, í þemavinnu og umræðum;

PALS-aðferðin notuð til lesturs greina og greiningar á þeim;

## Námsaðlögun

Allir nemendur hafa aðgang að:

- upplestrarforritum á ensku og íslensku;
- forriti sem gerir nemendum kleift að glósa í texta, teikna inná, fá lesið upp oþh.

### VS Enska 10. bekkur

- **Hæfni á námssviði**
- Geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn.
- Þjálfist í að draga ályktanir, lesa á milli línanna, giska á orð út frá samhengi og átta sig á uppbyggingu texta.
- geti veitt upplýsingar um menningu sína og umhverfi.
- Þekki og geti beitt óreglulegum sögnum í ræðu og riti.
- Geti tjáð sig mismunandi formlega eftir aðstæðum.
- Geti fært einföld rök fyrir máli sínu.
- Noti rétt helstu hreyfingar-, staðar- og tímaforsetningar.
- Geti umgengist hjálpartækin af gagnrýni.

### VS Enska 10. bekkur - Hlustun

- Skilji almennar upplýsingar og fyrirmæli, bæði aðalatriði og nákvæmar upplýsingar.
- Geti fylgst með megininnihaldi í fjölmiðlum um margvísleg málefni.
- Geti fylgt meginþræði í samfrásögn um efni sem hann þekkir þegar nokkrir tala saman.

### VS Enska 10. bekkur - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum og brugðist við - sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur og myndað sér skoðanir á efni þeirra.

### VS Enska 10. bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

## VS Enska 10. bekkur - Frásögn

- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af öryggi.
- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

## VS Enska 10. bekkur - Ritun

- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.
- Geti skrifað af lipurð og öryggi lengri samfelldan texta s.s. ritgerðir, sögur, endursögn, fréttir, gagnrýni og viðtöl.
- Kunni að nota sér upplýsingatækni við námið og helstu hjálpargögn, s.s. leiðréttingarforrit, orðabækur og málnotkunarbækur.

## VS Enska 10. bekkur - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati og veitt samngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.

## KENNSLUSKIPULAG

---

- Animal Farm

Samþætting við samfélagsfræði. Skáldsagan Animal farm lesin saman og unnið með hana á margvíslegan hátt.

- Current events

- Sociology 101